

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Opið brjef er kunngjörir ríkistöku Frederiks konungs hins Áttunda, undirskrifað af konungi 30. jan. 1906 (A nr. 1, bls. 2—3).

Auglýsing umfangamark konungs, undirskrifað af Hans hátign 31. s. m. (A nr. 2, bls. 4—5).

Reglugjörð fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavæxtabryfja samkvæmt lögum 20. október 1905, undirskrifuð af ráðherranum 1. apríl 1906 (A nr. 3, bls. 6—17).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveiting hlunninda handa sparisjóði Höfðhverfinga. 58

23. maí

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóðs Höfðhverfinga, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. júní næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til rektors hins almenna menntaskóla viðvíkjandi þingsályktun um árspróf í menntaskólanum. 59

25. maí

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álit og tillögur yðar, herra rektor, og kennaranna viðvíkjandi þingsályktun frá síðasta þingi um árspróf í menntaskólanum, skal yður hjermeð til vitundar gefið, að stjórnarráðið verður að adhyllast þá skoðun yðar og kennaranna, að ekki sje rjett að taka það upp sem reglu, að allir utan-skólanemendur, er þess kynnu að óska, gangi undir árspróf hins almenna menntaskóla í 1. og 2. bekk gagnfræðadeildarinnar eða 1. og 2. bekk lærdómsdeildarinnar. Hinsvegar vill stjórnarráðið vegna áskorunar þingsins samþykkja, að sömu reglu og að undanfögnu verði fylgt í þessu efni við árspróf í þeim bekkjum skólans, þar sem bráðabirgðareglugjörðin frá 9. september 1904 er enn ekki gengin í gildi, þangað til jafnóðum og hún öðlast gildi samkvæmt 31. gr. reglugjörðarinnar, eða endanleg reglugjörð verður sett, þó þannig, að utanskólanemendurnir gangi upp í öllum hinum sömu greinum sem skólanemendur, að enginn, sem farið.